150 b. Annar fer sömuleiðis frá Ási í Holtum jafnsnemma hinum síðastnefnda, um Háf í Háfshverfi og Hábæ í Þykkvabæ að Grímsstöðum í Vestur-Landeyjum og snýr aptur sömu leið að Ási.

c. Hinn þriðji fer frá Odda þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um Stórólfshvol að Teigi í Fljótshlíð, og þaðan aptur sömu leið að Odda.

21. ÁRNESSÝSLUPÓSTARIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Kotströnd í Ölfusi þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, að Úlfljótsvatni í Grafningi og snýr þaðan aptur að Kotströnd.

b. Annar fer frá Hraungerði sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Arnarbæli í Grímsnesi og Mosfell að Torfastöðum í Biskupstungum, og þaðan aptur sömu leið að Hraungeri.

c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá Hrangerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Ólafsvelli að Reykjum á Skeiðum, og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.

d. Hinn fjórði fer og frá Hraungerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, ofan á Eyrarbakka, og snýr þaðan aptur daginn eptir að Hraungerði.

Reykjavík, 28. nóv. 1896.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

151 # Auglýsing

um breyting á yfirsetukvenna-umdæmaskipun í Vesturamtinu.

(Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 70—72).

Samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 3. og 4. ágúst þ. á., skulu yfirsetukvenna-umdæmin í Ísafjarðarsýslu vera þessi:

1. Auðkúluhreppur.
2. Þingeyrarhreppur.
3. Mýrahreppur, að undanskildum Ingjaldssandi.
4. Ingjaldssandur ásamt Mosdal og Valþjófsdal í Mosvallahreppi.
5. Mosvallahreppur, að undanskildum Mosdal og Valþjófsdal.
6. Staðarprestakall í Súgandafirði.
7. Hólshreppur.
8. Eyrarhreppur.
9. Eyrarsókn í Seyðisfirði, o: Álptafjörður, Seyðisfjörður, Hestfjörður, og af Ögursókn: Skötufjörður með Vigur allt að Ögurnesi.
10. Reykjarfjarðarhreppur og Ögursókn út að Ögurnesi.
11. Nauteyrarhreppur.
12. Snæfjallahreppur.
13. Grunnavíkurhreppur fyrir sunnan Skorarheiði.
14. Grunnavíkurhreppur fyrir norðan Skorarheiði.
15. Sljettuhreppur að Geirhólma.
16. Sljettuhreppur yfir Strandir milli Geirhólma og Hælavíkur ófæru.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 9. nóv. 1896.

J. Havsteen.